

*Innflutningur á bifreið

*Frávísun

Úrskurður 9/1999.

Í máli þessu er ágreiningur um tollverð bifreiðar sem flutt var til landsins sem hluti af búslóð. Ríkistollanefnd vísaði máli þessu frá þar sem lögbundinn kærufrestur var liðinn er málið var kært til nefndarinnar.

Lög 55/1987 35.gr, 98. gr., 100.gr., 101. gr. 142.gr. Reglugerð 374/1995 21.gr. Stjórnsýslulög nr. 37/1993. Lög um virðisaukaskatt nr. 507198.

Með bréfi, dagsettu 28. júní 1999, sem barst nefndinni hinn 30. s.m. kærir A úrskurð tollstjórans í Reykjavík frá 29. apríl 1999. Í hinum kærða úrskurði er tollverð bifreiðarinnar O, ákvarðað. Bifreiðin var hluti af búslóð innflytjanda. Sendingarnúmer bifreiðarinnar er S HEG 17 02 9 DK AAR W047.

Kröfur kæranda eru eftirfarandi:

1. Að reiknað tollverð bifreiðarinnar verði lækkað, þannig að það endurspegli raunverulegt verðmæti hennar. Núverandi reiknireglur tryggja ekki jafnræði þeirra sem kaupa notaða bifreið til innflutnings og þeirra sem flytja hana inn sem hluta af búslóð. Þetta brýtur gegn jafnræðisreglu stjórnsýslulaga. (liður 3 í úrskurði tollstjóra). Í samræmi við þetta er farið fram á að fob-verð bifreiðarinnar teljist 540.000 kr. Verði þessi krafa tekin til greina ættu gjöld að nema um 659.612 kr.
2. Að álagning opinberra gjalda verði lækkuð vegna þess að Tollstjóri brást leiðbeiningaskyldu sinni þegar undirritaður óskaði eftir upplýsingum um gjöld vegna innflutnings á bifreið (liður 4 í úrskurði tollstjóra). Verði þessi krafa tekin til greina ættu gjöld að nema um 548.525 kr.
3. Að engin opinber gjöld verði lögð á innflutning bifreiðar vegna búferlaflutninga þar sem slík álagning stríði gegn meginreglum um frjálsta för launþega samkvæmt samningnum um hið evrópska efnahagssvæði."

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra, nr. 2/1999, frá 26. apríl 1999, segir m.a. Þann 18. mars s.l. var lögð inn til tollstjóra aðflutningsskýrsla vegna sendingar nr. S HEG 17 02 9 DK AAR W047, innflytjandi A. Innflutningsvara bifreiðin O. Bifreiðin er hluti af búslóð innflytjanda. Viðskiptaverð umræddrar bifreiðar er USD 25.509, sbr. framlagður reikningur dags. 30. október 1996. Einnig var lagt fram bréf frá innflytjanda, dags. 17. mars s.l., reikningar vegna viðgerðarkostnaðar bifreiðarinnar, en viðgerð hefur farið fram hér á landi, skráningarskírteini bifreiðarinnar, ástandsskýrsla og flutningsgjaldareikningur vegna flutnings bifreiðarinnar hingað til lands. Innflytjandi var kynnt munnlega að aðflutningsgjöld bifreiðarinnar miðuð við framlagðan reikning yrðu kr. 1.036.643. Er við það miðað að tollstjóri hafi þá tekið ákvörðun um aðflutningsgjöld sem kæránleg séu til tollstjóra; sbr. 3. mgr. 98. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum. Með bréfi, dags. 26. mars s.l. sem barst embættinu þ. 30. mars s.l., óskar innflytjandi eftir úrskurði tollstjóra um aðflutningsgjöld vegna innflutnings bifreiðarinnar.

Tollstjóri úrskurðar skv. 100. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, að við tollafgreiðslu framangreindrar bifreiðar skuli FOB verð hennar vera sem hér segir. Grundvöllur tollverðs ákveðst USD 22.766.- eða ISK 1.592.026.-, og við það skal bæta, flutningsgjaldi kr. 70.846.- og váttryggingu kr. 12.831. Þannig að tollverð bifreiðarinnar verði ISK 968.736. Kaupverð bifreiðarinnar er afreiknað samkvæmt reiknireglum 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 í FOB-verð ISK 968.736, aldursfyrning er 44,5% frá kaupdegi. Með vísan til framangreinds verða aðflutningsgjöld alls ISK 1.021.824.-"

Í samræmi við ákvæði 4. mgr. 101. gr. tollalaga sendi ríkistollanefnd ljósrit af kærinni og önnur gögn málsins til ríkistollstjóra til umsagnar. Í kröfugerð hans, dags. 16. júlí 1999, eru gerðar eftirfarandi kröfur:

"Aðalkrafa:

Ríkistollstjóri gerir kröfu um frávísun málsins frá ríkistollanefnd þar sem erindi kæranda til nefndarinnar var borið fram að liðnum kærufresti skv. 1. mgr. 101. gr. tollalaga. Meðfylgjandi er ljósrit úr ábyrgðarpóstbók tollstjórans í Reykjavík til staðfestingar á póstlagningu úrskurðar tollstjórans í Reykjavík frá 26. apríl sl., hinn 27. júní* sl. Ríkistollstjóri telur rétt að byggja á þeirri dagsetningu, þ.e. 26. apríl 1999, við ákvörðun á upphafstímamarki frestsins þar sem gerðar breytingar á úrskurði tollstjóra með bréfi, dags. 29. apríl sl., varða misritun á lagatiltvitnun og fela ekki í sér breytingar á efni úrskurðarinnar.

Varakrafa:

Ef nefndin hyggst fjalla efnislega um málið þá er þess krafist til vara, með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar; að hann verði staðfestur."

*(Á að vera apríl skv. ábyrgðarpóstbók tollstjórans í Reykjavík)

Kæranda var gefinn kostur á að tjá sig um kröfugerð ríkistollstjóra. Í bréfi, dags. 30. júlí 1999, segir m.a.

"Varðandi kröfu ríkistollstjóra um frávísun málsins gerir undirritaður kröfu um að henni verði hafnað og að kæra blaðsíða 1/2

undirritaðs verði tekin til efnislegrar umfjöllunar. Kærufrestur hlýtur eðli máls samkvæmt að miða við þá dagsetningu þegar tollstjóri sendir endanlegan úrskurð sinn. Skiptir þá engu hvort breyting á fyrri úrskurði er efnisleg eða ekki. Ef tollstjóri hefði litið svo á að leiðrétting úrskurðarins ætti ekki að hafa áhrif á kærufrest hefði það sjónarmið að sjálfsgöðu átt að koma fram í leiðréttingu úrskurðarins.

Tekið skal fram að það tók nokkurn tíma fyrir undirritaðan að fá nægilegar upplýsingar um forsendur úrskurðarins og þær reglur sem um málið gilda. Því hafði undirritaður ekki forsendur til að leggja fram kæru fyrr en raun bar vitni. Þau gjöld sem undirrituðum var gert að greiða samkvæmt úrskurðinum voru hærri en undirrituðum hafði verið tjáð munnlega að greiða bæri. Tók nokkurn tíma að leiðrétta þetta þannig að unnt væri að greiða gjöldin. Undirritaður taldi ekki rétt að kæra úrskurðinn fyrr en að gjöldin höfðu verið greidd með fyrirvara þann 28. júní sl., enda taldi undirritaður slíkt vera innan kærufrests.

Undirritaður verður að láta í ljós þá skoðun sína að það sé með ólíkindum að opinbert stjórnvald reyni að koma í veg fyrir að borgari geti nýtt sér kæruleiðir í stjórnsýslunni með því að hártoga formsatriði.

Engin ný sjónarmið eru sett fram í varakröfu ríkistollstjóra og vísar undirritaður til kærunnar og krefst þess að hún verði tekin til greina.”

Ríkistollanefnd hefur haft mál þetta til umfjöllunar á fundum sínum. Að því er varðar aðalkröfu ríkistollstjóra um frávísun málsins frá ríkistollanefnd þar sem lögbundinn 60 daga frestur sé liðinn skal eftirfarandi tekið fram. Fyrir liggur að hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 2/1999 er dagsettur þann 26. apríl 1999. Hann var sendur kæranda í ábyrgðarpósti þann 27. apríl s.á. Þá liggur og fyrir að tollstjórinn í Reykjavík sendi kæranda með bréfi 29. apríl 1999 úrskurðinn á ný með leiðréttri lagatiltvun, þar sem lög um virðisaukaskatt höfðu ranglega verið tilgreind 50/1955 í stað 50/1988. Að mati ríkistollanefndar hefur bréf tollstjóra, dags 29. apríl 1999, enga þýðingu þegar tilgreindur frestur er metinn. Jafnframt ber að miða upphaf frestsins við dagsetningu á ábyrgðarpósti tollstjóra þ.e. dagsetninguna 27. apríl 1999. Þar sem fyrir liggur að kæra kæranda til ríkistollanefndar, dags. 28. júní, var móttækin þann 30. júní 1999, er ljóst að lögbundinn 60 daga frestur var liðinn, en samkvæmt 101. gr. tollalaga getur innflytjandi skotið endurákvörðun ríkistollstjóra skv. 35. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstagningu úrskurðar eða ákvörðunar. Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er máli þessu vísað frá, þar sem lögbundinn kærufrestur var liðinn.